

## Ársreikningur RARIK fyrir árið 2022

### Hagnaður RARIK tæplega 2,5 milljarðar króna.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 2.459 milljónum króna sem er rúmlega 16% hærra en árið á undan, þegar hagnaður ársins var 2.110 milljón króna. Áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets námu 2.339 milljónum króna en þau námu 1.018 milljónum á árinu 2021. Heildarhagnaður að teknu tilliti til þýðingarmunar vegna hlutdeildarfélagssins og áhrifa af endurmati fastafjármuna nam 2.443 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 5.601 milljón króna eða 31,1% af veltu ársins, samanborið við 33,7% á árinu 2021. Handbært fé frá rekstri nam 4.471 milljón króna.

Rekstrartekjur hækkuðu um tæp 8% frá árinu 2021 og námu 18.027 milljónum króna en rekstrargjöld hækkuðu um tæp 11% á milli ára og námu 15.305 milljónum króna.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á árinu 2022 nam 2.722 milljónum króna sem er um 7% lækkun frá fyrra ári. Hrein fjármagnsgjöld námu 2.582 milljónum króna, en námu á árinu 2021 1.553 milljónir króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir RARIK í árslok 88.914 milljónir króna og hækkuðu um 5.445 milljónir króna á milli ára. Heildarskuldir námu 33.129 milljónum króna og hækkuðu um 3.312 milljónir króna frá fyrra ári. Eigið fé var 55.785 milljónir króna og er eiginfjárlutfall því 62,7% samanborið við 64,3% í árslok 2021. Fjárfestingar ársins að frádregnu söluandvirði seldra rekstrarfjármuna námu 6.693 milljónum króna, sem er 1.383 milljónum króna meira en árið á undan.

Þann 30. desember 2022 var gengið frá samkomulagi við Ríkissjóð Íslands um sölu á eignarhlut RARIK í Landsneti hf. Kaupverðið nam 105,9 milljónum USD eða 15.184 milljónum króna. Kaupverðið var greitt með tveimur skuldabréfum til fimm ára annars vegar með 9.111 milljón króna skuldabréfi í íslenskum krónum og hins vegar 42,4 milljóna USD skuldabréfi. Bæði skuldabréfin eru með jöfnum afborgunum. Áhrif sölunnar færð í rekstrarreikning voru jákvæð um 1.358 milljónir króna.

Tekjur samstæðunnar hækkuðu á milli ára vegna aukinna tekna af dreifingu og raforkusölu. Tekjur af tengigjöldum voru lægri en árið áður.

Stöðugt er unnið að endurnýjun dreifikerfisins með lagningu jarðstrengja í samræmi við langtímaáætlun fyrirtækisins og í árslok 2022 var hlutfall jarðstrengja í dreifikerfi RARIK um 75%.

Stjórn RARIK leggur til við aðalfund að greiddar verði 310 milljónir króna í arð til eiganda fyrirtækisins, sem er Ríkissjóður Íslands.

Samstæðuársreikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Í áætlunum fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir að niðurstaða í rekstri RARIK verði svipuð og árið á undan. Samkvæmt fjárfestingaráætlun fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir meiri fjárfestingum en á árinu 2022 eða um 7,8 milljörðum króna samanborið við 6,7 milljarðar fjárfestingu árið 2022.

**Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna**

Helstu stærðir úr rekstri	2022	2021	2020	2019	2018
Rekstartekjur	18.027	16.748	16.268	16.777	16.637
Rekstrargjöld	15.305	13.830	13.470	13.276	13.022
Rekstrarhagnaður	2.722	2.918	2.798	3.501	3.615
Hrein fjármagnsgjöld	-2.582	-1.553	-1.612	-1.059	-1.274
Áhrif hlutdeildarfélags	2.339	1.018	832	770	909
Hagnaður fyrir skatta	2.480	2.383	2.018	3.212	3.250
Tekjuskattur	-21	-273	-237	-486	-469
Hagnaður	2.459	2.110	1.781	2.726	2.781
Eignir samtals	88.914	83.469	78.854	68.306	65.953
Eigið fé	55.785	53.652	49.722	43.926	41.132
Skuldir	33.129	29.817	29.132	24.380	24.821
Handbært fé frá rekstri	4.471	4.570	4.303	4.307	3.755
Greidd vaxtagjöld	785	740	689	734	667
EBITDA	5.601	5.649	5.271	5.740	5.569
Vaxtaþekja	7,14	7,63	7,65	7,82	8,35
Eiginfjárlutfall	62,7%	64,3%	63,1%	64,3%	62,4%
EBITDA/Velta	31,1%	33,7%	32,4%	34,2%	33,5%

Ársreikningur RARIK 2022 var samþykktur á fundi stjórnar þann 17. mars, 2023 og heimilaði stjórn birtingu hans í Kauphöll Íslands.

**Nánari upplýsingar veitir Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK, í síma 528 9000.**